



Meðferð með BCG bóluefni

BCG bóluefni (veiklaðar berklabakteríur) er notað til að meðhöndla yfirborðslægt krabbamein í þvagblöðru. Bóluefninu er sprautað inn í þvagblöðruna og við það örvast varnarkerfi líkamans í blöðruveggnum og ræðst á krabbameinsfrumurnar. Áður en meðferð hefst þarf slímhúðin í þvagblöðrunni að vera gróin, því þurfa tvær vikur að vera liðnar frá blöðruspeglun.

Undirbúningur fyrir meðferð

Mikilvægt er að BCG bóluefnið þynnist ekki af þvagi. Til að takmarka þvagframleiðsluna á ekki að drekka í þrjár klukkustundir fyrir meðferð og bíða með þvaglosandi lyf þar til eftir meðferð.

Staður og tími

Lyfjagjöfin fer fram á göngudeild þvagfæra 11A einu sinni í viku í sex skipti. Í hvert skipti þarf að koma með þvagsýni (morgunþvag) í sýnaglassi sem fæst í apótekum. Hver meðferð tekur um 30 mínútur.

Framkvæmd

Þvagrásarop er þvegið með saltvatni og þvagleggur settur í þvagblöðruna. Síðan er lyfinu sem er 50 ml af vökva sprautað inn í þvagblöðruna gegnum þvaglegginn og hann síðan fjarlægður. Mikilvægt er að halda í sér þvagi eins lengi og hægt er eftir lyfjagjöfina, helst í tvær klukkustundir.

Þvaglát

Við fyrstu þvaglát eftir meðferðina er mikilvægt að sitja á salerni til að bóluefnið dreifist ekki á aðra staði. Eftir þvaglát þarf að loka salerni og sturta tvisvar niður. Einnig er ráðlagt að þvo sér að neðan eftir fyrstu þvaglát.

Drekka þarf að minnsta kosti tvo lítra fyrsta sólarhringinn eftir meðferðina. Þvagið getur orðið blóðlitað og einkenni eins og tíð þvaglát og sviði geta komið fram. Gott er að eiga verkjalyf til að taka eftir þörfum.

Kynlíf

Nauðsynlegt er að nota smokk við kynlíf á þeim tíma sem meðferð er gefin og í viku eftir að henni lýkur.

**Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A
eða fara á bráðamóttöku ef:**

- Hiti er hærri en 38,5°C eða mikill slappleiki

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan þess tíma er ráðlagt að fara á bráðamóttöku í Fossvogi.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomid að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
SKURDLÆKNINGASVIÐ
MARS 2021
LSH-1923

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR
ÞVAGFÆRASKURDLÆKNINGA
OG DEILDARSTJÓRI 11A

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD